

Föstudaginn 2. júní 1995.

Nr. 517/1993.

Guðjón Sigurðsson

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

landbúnaðarráðherra og**fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1993.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur og tveimur héraðsdómurum. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .“. Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.